

Ná.

73. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað þetta frv. og rækilega borið það saman við athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna Lr. og svör ráðherra, og þar sem tilefni var til, við Landsreikninginn sjálfan. Hefir nefndin aðeins fundið eina

smávægilega reikningsvillu. En hvað þau atriði snertir, er einhver ágreiningur hefir verið um milli endurskoðenda og stjórnarinnar, er sjerstaklega snerta umframgreiðslur og ástæða þykir að minnast á, verður vikið að í framsögu málsins.

Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. með þessari

BREYTINGU.

Við 2. gr. B. tölul. 4. Fyrir »kr. 181,61« komi:

kr. 180,61.

Aðaltölurnar í 1. málsgr. og enda greinarinnar breytast samkv. þessu.

Alþingi, 26. febr. 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Pórarinn Jónsson,
frasm.

Sveinn Ólafsson.

Jakob Möller.

Þorl. Guðmundsson.

Hákon J. Kristófersson.